

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Í HVALFIRÐI

Dagsetning	23. nóvember 2011	Fulltrúar UST	Gottskálf Friðgeirsson og Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2014
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Steinar Guðnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 23,893 V21 27,764
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Brugðist hefur verið við og bætt úr því, þannig að engin frávik frá starfsleyfi eru nú í stöðinni. Tvær athugasemdir eru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með rekstraraðila. Samkvæmt starfsleyfi skal senda áætlun um aðgerðir vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar rekstrar til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og annarra hlutaðeigandi. Brugðist var við og hefur þessu nú verið lokið.

Fram kom hjá rekstraraðila að verktaki er að yfirfara tæringarvarnarkerfi (katóðuvarnir) og gera við bilanir. Ljúka þarf viðgerðum á kerfinu og taka það í fullan rekstur.

Krafa er um gufuendurnýtingarkerfi fyrir bensínufur í stöðinni. Sótt var um undanþágu til ráðuneytisins fyrir þessu ákvæði og fékkst undanþága fyrir fyrstu löndun bensíns, en eigi lengur en til 1. janúar 2013. Enn hefur bensín ekki verið sett í stöðina.

Skoðaðar voru skráningar, bæði í miðlægum gagnagrunni Skeljungs svo og í rekstrarhandbók fyrir stöðina. Olía í frárennsli olíuskilju var mæld í byrjun maí sl. og reyndust í góðu lagi. Geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2008 og lagnir voru þrýstiprófaðar sama ár. Skráningar eru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Flest er neðanjarðar og sést því ekki við skoðun. Farið var upp á geymasvæðið. Skoðuð afstaða til mengunarvarnarþróar og einnig litið inn í lokahús neðar í hlíðinni.

Girðingar og hlið voru í ágætu lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal send heilbrigðiseftirliti og annarra hlutaðeigandi.

Brugðist var við og þetta mál hefur nú verið afgreitt. Telst því ekki frávik lengur.

Athugasemd 1: Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensín (etanól)

Gufuendurnýtingarbúnaður skal vera í stöðinni. Undanþága umhverfisráðuneytisins frá ákvæði um gufuendurnýtingarbúnað rennur út eftir fyrstu löndun á bensíni eða öðrum rokgjörnum vökva í stöðina eða að öðrum kosti eftir rúmt ár. Huga þarf að þessu atriði.

Athugasemd 2: Tæringarvarnir (katóðukerfi)

Þar sem geymar og flestar lagnir eru neðanjarðar í stöðinni eru tæringarvarnir mikilvægar. Katóðukerfi stöðvarinnar er að mestu virkt en endurnýja þarf einhver fórnarskaut og gera við hluta af kerfinu.

Reykjavík, 8/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

